Nr. 12.
22.
október.

Lög

um

viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899, nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar, nje nokkur áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en 2¼ % af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli.

2. gr.

Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum stöðum, þar sem almennar veitingar fara fram. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna, sem haldin eru á slíkum stöðum.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn eða þjónustumenn eða jafnvel neytendur sjálfa 20—1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.

Enn fremur má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 10—500 kr.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, og andvirði fyrir upptækt áfengi, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

Lov

Nr. 12.
22.
Oktober.

om

Tillæg til Lov Nr. 26 af 11. Novbr. 1899 om Handel med og Udskænkning af spirituøse Drikkevarer i Island.

Vi Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ingen Forening maa ved sine Sammenkomster foretage Udskænkning af spirituøse Drikkevarer eller lade saadanne Varer nyde i Foreningens Lokaler, medmindre Foreningen har faaet speciel Tilladelse dertil hos Politimesteren. Som spirituøse anses efter denne Lov alle Drikkevarer, der indeholde mere end 2¼ pCt. Alkohol i Rumfang.

§ 2.

Nyden af spirituøse Drikkevarer maa ikke finde Sted i Beværtninger, der ikke have Ret til Udskænkning af spirituøse Drikkevarer, ej heller i Beværtningstelte eller paa andre Steder, hvor almindelig Beværtning finder Sted. Politimesteren kan dog tillade Brugen af spirituøse Drikke ved private festlige Sammenkomster, der afholdes paa deslige Steder.

§ 3.

For Overtrædelse af § 1 straffes Foreningens Bestyrelse eller Tjenestefolk eller efter Omstændighederne ogsaa de, der nyde Drikkevarerne, med Bøder fra 20—1,000 Kr. Derhos blive de spirituøse Drikkevarer, der forefindes hos Foreningen, at konfiskere.

Endvidere har vedkommende Politimester Myndighed til at forbyde Foreningen at holde Møder, men der skal da straks anlægges Sag imod Foreningen i Henhold til Forfatningslovens § 55.

§ 4.

Overtrædelser af § 2 straffes med Bøder fra 10—500 Kr.

§ 5.

De i nærværende Lov omhandlede Bøder saavel som de Beløb, der indkomme for konfiskerede Drikkevarer, tilfalde den Kommunes Kasse, i hvilken Forseelsen er begaaet.

Nr. 12. 22. október.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 12. Lög 22. október um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

§ 6.

Sager angaaende Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 7.

Denne Lov træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.